

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, 239. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

154. löggjafarþing 2023–2024

Þingskjal 242 — 239. mál

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á framkomnu frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands. Félagið fagnar því að komið sé fram frumvarp um sjálfstæða og óháða innlenda mannréttindastofnun til samræmis við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 48/134 um innlendar mannréttindastofnanir, sem uppfylli Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna.

Rauði krossinn tekur undir með þeim umsögnum sem fram eru komnar, t.a.m. frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, UN Women, Þroskahjálp, ÖBÍ, Amnesty og Kvenréttindafélagi Íslands um að afar mikilvægt sé að stofnuninni sé tryggt nægt bolmagn, svo sem fjármagn og mannafla, til þess að vera sannarlega sjálfstæð í störfum sínum og sinna þeim víðtæku og mikilvægu verkefnum sem henni eru falin skv. frumvarpi þessu. Félagið tekur undir áhyggjur af mati á rekstrarkostnaði stofnunarinnar og þeirri litlu útgjaldaaukningu ríkissjóðs vegna stofnunar hennar og starfa, þrátt fyrir umfangsmikinn verkefnalista.

Þá tekur Rauði krossinn undir með þeim sem gert hafa athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um kjör og samsetningu stjórnar Mannréttindastofnunar Íslands. Í frumvarpinu er farin sú leið sem farin var í Noregi þegar norska mannréttindastofnunin var sett á laggirnar. Aftur á móti hefur verið fallið frá því ferli í Noregi með lagasetningu á þann hátt að nú kallar forsætisnefnd eftir tilnefningum í stjórnina, til að tryggja að samráðs sé gætt og að ferlið sé opið og faglegt. Telur félagið mikilvægt að ekki verði gerð sömu mistök við lagasetninguna hér á landi og leggur til að samsvarandi breyting verði gerð á frumvarpi þessu.

